

**1940 nr. 9 12. febrúar****Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa**

Tóku gildi 12. febrúar 1940. Breytt með L. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990) og L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998).

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenskra eða erlendra skipa.

□ Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upp-

lýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarrar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum ...<sup>1)</sup> eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

□ Mál vegna brota á lögnum fara að hætti opinberra mála.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 149. gr. <sup>2)</sup> L. 116/1990, 23. gr.